

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	11.12.2014	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og ekki eru gerðar athugasemdir við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Frárennsli mældist yfir í svifögnum á árunum 2012-2013. Ný sandgilda var sett upp á svæðinu snemma árs 2014 og er að skila árangri því frárennslimælingar sem fóru fram í september 2014 eru undur mörkum í svifögnum og styrk málma. Rekstraraðili hafði þó væntingar um enn meiri lækkun í svifögnum og hefur síðan gert breytingar á flæði inn og út úr sandgildrunni til að gefa ögnunum lengri tíma til að setjast. Vonast er til að svif mælist enn lægra í mælingum næsta árs. Úrkoma virðist hafa áhrif á magn svifagna í frárennsli, hafin er vinna við að útbúa líkan þar sem mæligögn eru keyrð saman við veðurgögn til að kanna þetta samband nánar. Seti úr sandgryfjum er dælt upp á 5 vikna fresti og það losað í flæðigryfju.

Rætt var um **umhverfisvöktun**. Árin 2012 og 2013 Elkem var með skráð frávik á sig fyrir að brennisteinsdioxíð fór of oft yfir gróðurverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$), eða 9-21 daga á ári, en skv. starfsleyfi er heimilt að fara yfir þessi mörk að hámarki 7 daga á ári. Elkem sótti um og var veitt undanþága frá þessum kröfum til 1. júlí 2016, sbr. bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 20. júní sl. Ástæðan fyrir veitingu undanþágunnar er sú að nú er í gangi vinna við innleiðingu loftgæðatilskipunar Evrópusambandsins nr. 50/2008/EB og ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort sólarhringsmörk fyrir brennisteinsdioxíð verði látin halda sér eða hvort tekin verði upp sambærileg mörk og annars staðar í Evrópu, sem eru ekki jafn íþyngjandi.

Rætt var um árlega **mæliáætlun**. Hún var endurskoðuð á þessu ári og stefnan er að dreifa mælingum betur yfir árið en var, frekar en að framkvæma þær að mestu seinni hluta árs. Mæling á þungmálmum í kísilryki var framkvæmd í vor og voru niðurstöður sendar til Umhverfisstofnunar 12. desember sl. Þessi mæling er framkvæmd á 5 ára fresti skv. mæliáætlun.

Í fyrra safnaðist úrgangur fyrir á lóð Elkem þar sem eldri flæðigryfju hafði verið lokað áður en ný flæðigryfja var tilbúin til notkunar. Nú hefur stór hluti þess úrgangs verið fjarlægður og urðaður í flæðigryfju en enn er eftir töluvert af forskiljuryki í pokum sem verið að flytja smám saman í flæðigryfjuna. Þetta mun klárast á árinu 2015.

Elkem er með **zero-waste to landfill** stefnu og er nú um 88% úrgangs endurnýttur eða sendur í endurvinnslu í stað 64% áður. Ýmsar tilraunir og breifingar eru í gangi til að hækka þessa tölu enn frekar. Það efni sem er dælt upp úr sandgryfjum en nú urðað í flæðigryfjum, en þar sem það er ríkt af kísilmálmí eru uppi hugmyndir um að blanda því við slagg til að bæta kísilinnihald þess fyrir sölu. Urðaður úrgangur fyrirtækisins mun í kjölfarið minnka.

Rætt var um **magn úrgangs**, og bornar saman tölur úr grænu bókhaldi síðustu 4 ára. Tölurnar gefa til kynna miklar sveiflur milli ára í því magni sem fór til urðunar í flæðigryfjum. Árið 2013 sker sig úr með riflega tvöfalt magn á við árið á undan. Þetta skýrist af því að það magn sem fór í gömlu flæðigryfjuna, árin fyrir 2013, var sennilega vanáætlað, en aðgangur að gömlu flæðigryfjunni var óheftur og margir aðilar sem fóru með efni þangað. Árið 2013 var flæðigryfjunni lokað og úrgangur safnaðist upp á lóð og gafst á betra færi á að meta umfangið. Aðgengi að nýju flæðigryfjunni er stýrt af Faxaflóahöfnum, þar er vaktmaður og farmar eru viktaðir og skráðir. Nú hafa einungis þrír aðilar heimild til að flytja úrgang frá Elkem í flæðigryfjuna. Gera má ráð fyrir að upplýsingar um magn úrgangs verði framvegis mun nákvæmari.

Rekstraraðili kynnti greiningarverkefni sem er í gangi varðandi **rekstur reykhlreinsivirkja**. Verið er að

skoða hvort það sé hagkvæmara að skipta oftar út öllum pokum reykhlensivirkis í stað þess að vera oft að skipta út stökum pokum. Einnig er verið að skrá og kanna hvort pokar slitni mis hratt eftir staðsetningu innan síuhúss. Líftími poka í reykhlensivirkjum 1&2 eru 2,5 til 3 ár, en allt að 8 ár í reykhlensivirkji 3.

Umhverfisstofnun óskaði eftir auknum upplýsingum um úrgang og meðhöndlun hans í **grænu bókhaldi**, en í skýrslum síðustu ára eru frekar takmarkaðar upplýsingar og ekki gerður neinn samanburður milli ára. Elkem hyggst sýna fleiri úrgangsflokk og samanburð milli síðustu 5 ára næsta vor þegar græna bókhaldið verður sameinað inn í stærri umhverfissskýrslu fyrirtækisins. Þá óskaði Umhverfisstofnun einnig eftir mánaðarmeðaltölum fyrir ryklosun inn í árlega skýrslu um rekstur reykhlensivirkja. Að sögn rekstraraðila verður sú skýrsla verður einnig færð inn í þessa stærri umhverfissskýrslu og þar sett fram mánaðarmeðaltöl.

ANNAÐ

Skiladagar framundan:

- * Árleg skýrsla um rekstur reykhlensivirkja, 1. mars, barst 1. apríl síðast.
- * Vöktunarskýrsla, 1. mars.
- * Grænt bókhald, 1. maí.

Reykjavík, 29.12.2014

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.